

Siðareglur birgja Faxaflóahafna sf.

1 Inngangur

Samfélagsábyrgð er ein af grunnstoðum í stefnu Faxaflóahafna sf. og leggur fyrirtækið metnað í að vinna að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi.

Gerð er krafa til þeirra er starfa innan hafnarsvæða Faxaflóahafna sf. að þeir uppfylli neðangreindar reglur sem lágmarks viðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna undirverktaka og birgja. Tilkynna ber Faxaflóahöfnum sf. ef grunur vaknar um brot á reglunum.

Reglurnar eru eftirfarandi:

2 Vinnumál

Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga

Réttur starfsfólks til félagafrelsis og gerð kjarasamninga er virtur og viðurkenndur.

Nauðungarvinna

Ábyrgst er að starfsfólk framkvæmi vinnu sína án nauðungar og að því sé frjálst að segja upp vinnu sinni og hætta með hæfilegum eða lögbundnum fyrirvara.

Barnavinna

Börn undir lögaldri eru ekki ráðin til að framkvæma vinnu sem er hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Réttur barna til þroska, velferðar og menntunar er virtur. Þeir aðilar sem starfa innan hafnarsvæðanna skulu að lágmarki fylgja reglum um lágmarksaldur til starfa samkvæmt skilyrðum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO).

Mismunur

Starfsmenn skulu fá jöfn tækifæri og njóti jafnréttis án mismununar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fótlnar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahags, ættarnis eða stöðu að öðru leyti. Verktakar og birgjar skulu stuðla að starfsumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.

Laun, vinnutími og önnur vinnuskilyrði

Greidd eru regluleg laun (að lágmarki mánaðarlega) og greiðslur, eða hluti þeirra, verða ekki eftir hjá milliliðum. Greidd eru a.m.k. lágmarkslaun eins og gerð er krafa um í lögum, reglum og/eða kjarasamningum í viðkomandi landi. Halda skal bókhald um launagreiðslur og geta sýnt fram á að svo sé sannarlega gert. Virða skal lög og reglur um réttindi starfsfólks t.d. til hvíldar, lengd vinnutíma, orlofs, veikindaréttar og annarra launakjara.

Heilsa og öryggi

Tryggja skal heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi. Eins og frekast er unnt skal leitast við að minnka slysaættu og neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks. Fylgja skal [umhverfis- og öryggisreglum](#) er gilda á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Skráning atvika og ábendinga fer fram í gegnum vef Faxaflóahafna sf. www.faxaflaoahafnir.is

3 Mannréttindi

Mannréttindi

Alþjóðleg mannréttindi eru virt. Skapað er og viðhaldið umhverfi þar sem komið er fram við starfsfólk af virðingu, þar sem hvers kyns andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi, áreitni eða hótanir um slíkt líðast ekki.

4 Umhverfismál

Umhverfi

Verktakar og birgjar skulu uppfylla gildandi lög og reglur um umhverfismál og fylgja umhverfis- og öryggisreglum Faxaflóahafna sf. Aðilar skulu hafa öryggis- og umhverfismál að leiðarljósi, lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum hætti, viðhafa virkt og reglubundið eftirlit með ástandi vinnusvæða, mannvirkja og búnaðar og gera sömu kröfur til undirverktaka og annarra samstarfsaðila.

5 Gagn spillingu

Siðferði í viðskiptum

Ávallt er unnið gegn spillingu þar með talið mútum, kúgun og fjársvikum. Þjónustuaðilar, verktakar og birgjar þjóða ekki eða biðja um, krefja, veita eða þiggja mútur með beinum eða óbeinum hætti, fyrir sjálfa sig eða aðra. Starfað er í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og viðhaft viðurkennt siðferði í viðskiptum.

Hagsmunaárekstrar

Þjónustuaðilar, verktakar og birgjar eiga að forðast hvers konar hagsmunaárekstra í viðskiptum við Faxaflóahafnir sf. Með hagsmunaárekstrum er t.d. átt við þegar fulltrúi þjónustuaðila, verktaka eða birgja setur persónulega hagsmuni, hagsmuni skyldmenna eða vina framar hagsmunum Faxaflóahafna sf. Tilkynna skal Faxaflóahöfnum sf. um mögulega hagsmunaárekstra.

6 Persónuvernd

Persónuvernd

Þjónustuaðilum, verktökum og birgjum ber að fylgja gildandi lögum og reglum um persónuvernd.

Undirritaður/-uð staðfestir hér með að fyrirtæki/aðili mun fylgja siðareglum birgja Faxaflóahafna og gildandi öryggis- og umhverfisreglum innan hafnarsvæða félagsins.